



Gróðursetningar ferðamanna

Skógræktarfélag Íslands og Iceland Pro Travel, í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur, settu á fót verkefni í fyrrasumar, þar sem þýskum ferðamönnum var boðið upp á að gróðursetja tré. Tókst verkefnið afspyrnu vel, en um 1100 ferðamenn settu niður tré í fyrrasumar. Var því ákveðið að halda þessu verkefni áfram nú í sumar.

Á hverju fimmtudagskvöldi komu hópar ferðamanna við á Esjumelum til gróðursetningar, þar sem starfsmaður frá Skógræktarfélagi Íslands tók á móti þeim. Fengu ferðamennirnir stutta kynningu á skógrækt á Íslandi og smá leiðsögn um gróðursetningu og fékk svo hver og einn að velja sér tré til gróðursetningar, en boðið var upp á algengar tegundir úr íslenskri skógrækt - lerki, sitkagreni og að sjálfsögðu birki. Hafa alls um 2000 ferðamenn tekið þátt í þessu verkefni nú í sumar.

Svo skemmtilega vill til að í fyrrasumar var einnig byrjað með gróðursetningu ferðamanna á Snæfellsnesi. Þar bjóða þrjú fyrirtæki, Ferðaskrifstofan Þemiferðir, Rútufyrirtækið Bílar og fólk og STERNA, upp á sameiginlega hringferð um Snæfellsjökul og í fyrra var bryddað



Ferðamenn hestánægðir í lok gróðursetningar á Esjumelum, enda óvenju heppnir með veður, en sumarið bauð ekki upp á marga sólskinsdaga á höfuðborgarsvæðinu (Mynd: BJ).

upp á þeirri nýjung að plantað væri einni plöntu fyrir hvern hóp sem færi í dagsferð í kringum jökulinn. Voru þá einhverjir úr hópnum valdir út til að sjá um að setja plöntuna niður - oft börnin í hópnum eða einhverjir sem komu til Íslands af sérstöku tilefni, s.s. afmæli - og mæltist þetta mjög vel fyrir. Voru um 100 plöntur settar niður í fyrrasumar í reit við hlið Sjómannagarðsins á Hellissandi. Hefur þetta góða framtak haldið áfram í sumar og er nú gróðursett í reit við tjaldsvæðið í Grundarfirði.

Það má svo benda á að víða um land má finna svæði sem vel mega við meiri trjágróðri og mætti bjóða ferðamönnum upp á gróðursetningu á mun fleiri stöðum!

Landgræðsluskógar



Merkilegur viðburður gerðist á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í ágúst þegar Vigdís Finnbogadóttir gróðursetti 20 milljónustu trjáplöntuna í verkefni Landgræðsluskóga, að viðstöddu fjölmenni. Þar hóf

Vigdís vegferð á sama stað, Smalaholti í Garðabæ, fyrir 23 árum.

Skógræktarfélögin hafa fyrst og fremst staðið fyrir gróðursetningu í þessu merkilega verkefni, en þar hafa þó auk skógræktarfélaganna komið að verki ótal einstaklingar. Sumir hafa veitt verkefninu liðsinni í eitt, tvö skipti á meðan aðrir hafa unnið svo að segja sleitulaust að því. Þá hafa skógræktarfélögin haft marga samstarfsaðila - félagsamtök, opinbera aðila o.fl. - en ekki er á neinn hallað þótt sveitarfélög víðs vegar séu nefnd sérstaklega en þau hafa með margvíslegum hætti tekið þátt í Landgræðsluskógaverkefninu. Lauslega talið eru ræktunarsvæði í eigu sveitarfélaga um 2/3 af þeim 140 svæðum sem gerðir hafa verið samningar um. Þess sér líka stað þegar ferðast er um landið því nánast hvar sem er við þéttbýli hér á landi má finna uppvoxandi Landgræðsluskóga. Melar og rýrir móar

eru þar að breytast í efnilega útivistarskóga, með öllum þeim tækifærum sem þar bjóðast.

Þessi árangur hefði hins vegar ekki orðið að veruleika nema fyrir tilstilli skógræktarfélaganna sem stöðugt hafa verið á höttunum eftir landi til ræktunar og hafa haft uppi fyrirspurnir og áróður um aukna skógrækt á sínum slóðum. Sum svæðin eru þegar fullgróðursett, önnur eru stærri og hægt að vinna þar að landbótum næstu áratugi.

Eitt af þeim lykilatriðum sem ráðið hefur miklu um velgengni verkefnisins er skýr sýn og markmið, sem enn eru flest þau sömu og upphaflega. Þá eru auk þess samstarfsaðilar sem staðið hafa þétt að verkefninu og lagt því ómetanlegt lið frá upphafi en það eru nú umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins.

Fullyrða má að fá verkefni hafi skilað jafn víðtækum áhrifum og Landgræðsluskógaverkefnið. Með því er búið í hagin fyrir búsetu vítt og breitt um land allt. Smalaholtið er góð táknmynd þess sem hægt er að gera í ræktun á Íslandi. Þar er að finna leiðarvísi fyrir næstu kynslóðir hvernig hægt er að breyta auðn í frjósaman yndisreit.

Brynjólfur Jónsson,
framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands

Tré ársins 2013

Skógræktarfélag Íslands útnefndi kotúnsösp, í daglegu tali kölluð alaskaösp (*Populus balsamifera. ssp. trichocarpa*) Tré ársins 2013 við hátíðlega athöfn á Freyshólum í Fljótaldal sunnudaginn 18. ágúst. Tréð reyndist vera 17,5 m að hæð og þvermál í brjósthæð var 50,5 cm. Kotúnsöspin er að öllum líkindum af fyrstu kynslóð efniviðar sem ættir á að rekja til Kenai-skaga í Alaska.

Tvíburabræðurnir Baldur og Bragi Jónssynir frá Freyshólum gróðursettu tréð laust eftir 1950 og er tréð því áreiðanlega komið á sjötugsaldur. Þeir bræður unnu nánast allan sinn starfsaldur hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað, ein 50 ár. Tréð hefur því sögulega merkingu um leið og þetta er í fyrsta skipti sem tegundin sem slík hlýtur þessa viðurkenningu. Rétt er að hafa í huga að kotúnsöspin er sú tegund sem framleiðir hve mest viðarmagn trjátegunda hér á landi og var mikið notuð sem garðtré á árum áður. Nú er hún hins vegar mikið notuð til skógræktar en minna í garða en gegnir mikilvægu hlutverki sem skjólgjafi í útivistarsvæði og meðfram umferðarmannvirkjum. Kotúnsöspin er sem sagt alhliða tré sem á mikla framtíð fyrir sér um allt land.



Tré ársins 2013 (Mynd: BJ).

Netfangaleikur Laufblaðsins

Á vormánuðum var efnt til Netfangaleiks Laufblaðsins, en allir félagar í skógræktarfélögum sem skráðir voru með virkt netfang voru með í leiknum. Fylgdi miði um leikinn með félagsskírteini ársins 2013, þar sem félagar voru hvattir til að skrá sig.

Dregið var úr netföngum þann 15. maí og hlutu þrír félagsmenn kr. 7.500 í vinning, til nota í ræktunarstarfinu. Vinningshafarnir voru Steingerður Halldórsdóttir, Skógræktarfélagi Garðabæjar, Hafdís Sigmarsdóttir, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar og Reynir Ólafsson, Skógræktarfélagi Suðurnesja. Vonar Laufblöðungur að peningurinn hafi nýst vinningshöfum vel í sumar!

Meðlimum skógræktarfélaga er bent á að passa upp á að þeir séu skráðir með virkt netfang svo að Laufblaðið skili sér örugglega til þeirra. Næsta vor verður aftur efnt til leiks og þá er eins gott að vera skráður til að eiga möguleika á vinningi! Skrá má netfang eða athuga með skráningu í síma 551-8150 eða á netfangið rf@skog.is.

Ný skógræktarbók

Ný og glæsileg skógræktarbók *Skógarauðlindin – ræktun, umhirða og nýting* er komin út. Bókin hentar skógarbændum, ásamt öllum þeim sem áhuga hafa á skógrækt. Hún gefur skýrt og greinargott yfirlit yfir helstu atriði sem hyggja þarf að við ræktun skóga. Farið er yfir undirbúning og skipulagningu skógræktar og helstu framkvæmdatriði í ræktun og umhirðu miðað við íslenskar aðstæður.

Bókin er gefin út af verkefninu *Kraftmeiri skógi*, í samvinnu við Landbúnaðarháskóla Íslands og Landsamtök skógareigenda.

Hægt er að panta bókina á netföngunum ritari@lbhi.is og hronn.lse@gmail.com og verðið er 5.100 kr., auk sendingar og innheimtu-kostnaðar.



Leiðrétting

Í 1. tölublaði Laufblaðsins 2013 var grein um Hólmfríði Finnbogadóttur, í tilefni þess að hún lét af störfum sem framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Í greininni er Hólmfríður ranglega sögð vera önnur manneskjan til að vera gerð að heiðursfélaga Skógræktarfélags Hafnarfjarðar. Hið rétta er að hún er sjötti heiðursfélaginn, en fyrri heiðursfélagar eru Jón Magnússon í Skuld, Ólafur Vilhjálmsson, Björn Árnason, Geir Gunnarsson og Svanur Pálsson. Einungis Svanur er enn á lífi og er hún því önnur núlifandi manneskjan til að bera þennan virðulega titil. Beðist er forláts á þessum misskilningi.

Fréttablað, 22. árgangur,
2. tölublað 2013.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:

Ragnhildur Freysteinsdóttir.
Ábendingar og upplýsingar
varðandi efni blaðsins eru vel
þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson
framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2013:

Magnús Gunnarsson, formaður
Sigrún Stefánsdóttir, varaform.
Guðbrandur Brynjúlfsson,
gjaldkeri.
Þuríður Yngvadóttir, ritari.

Meðstjórnendur:

Aðalsteinn Sigurgeirsson
Gísli Eiríksson
Páll Ingþór Kristinsson

Varamenn:

Sigríður Heiðmundsdóttir
Kristinn H. Þorsteinsson
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags
Íslands

 Arion banki



TOYOTA

70 ára afmæli

Skógræktarfélags S-Þingeyinga

Skógræktarfélag Suður-Þingeyinga var stofnað þann 19. apríl 1943 og varð því 70 ára nú í ár. Var tímamótanna minnst með veglegri afmælishátíð í Fossselsskógi í sumar. Formaður félagsins, Agnes Þórunn Guðbergisdóttir, setti samkomuna, en auk hennar flutti Sigurður Skúlason skógarvörður ávarp og Indriði Ketilsson sagði frá helstu þáttum í sögu félagsins. Boðið var upp á leiki fyrir börnin, skógargöngur og að sjálfsögðu ketilkaffi og gómsæta afmælistertu.

Ýmislegt hefur verið gert í skóginum í tengslum við afmælisárið. Tvö ný skilti voru sett upp í skóginum, annars vegar upplýsingaskilti um eyðibýlið Fosssel og hins vegar yfirlitsmynd af skóginum. Í fyrrasumar var einnig lokið við lagningu göngustíga í skóginum, en markvisst hefur verið unnið að því að gera hann aðgengilegri og kynna hann fyrir almenningi sem frábært útivistarsvæði. Voru meðal annars gróðursettir rífs- og sólberjarunnar við göngustígana, sem eiga örugglega eftir að laða að gesti á haustin!

Í tilefni afmælisins hannaði Dagur Jóhannesson, gjaldkeri félagsins, einnig merki fyrir félagið, byggt á reynilaufi.



Nú er rétti tíminn til að rækta

Inní - undir ljósi

**Skermur og 125w ræktunarpera
rafmagnssnúrur og upphengjur**

Forræktun
fullræktun



6400K



KR. 12.600,-

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Arkís arkitektar ehf,
Katrínartúni 2
Auglýsingastofan ENNEMM,
Brautarholti 10
Bílasmiðurinn hf, Bíldshöfða 16
Brim hf, Bræðraborgarstíg 16
E.T. ehf, Klettagörðum 11
Efling stéttarfélag, Sætúni 1
Efnamóttakan hf, Gufunesi
Faxaflóahafnir sf, Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Ferðaþjónustan Ísafold ehf,
Smiðshöfða 21
Fiskmarkaðurinn ehf,
Aðalstræti 12
Garðheimar, Stekkjabakka 6
Garðmenn ehf, Skipasundi 83
Gjögur hf, Kringlunni 7
Guðmundur Jónasson ehf,
Borgartúni 34
Hagi ehf-Hilti, Stórhöfða 37
Háskóli Íslands, Sæmundargötu 4
Hilmar D. Ólafsson ehf,
Eldshöfða 14
Kemi ehf-www.kemi.is,
Tunguhálsi 10
Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
Landvernd, Þórunnartúni 6
Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Lífstykkiabúðin ehf, Laugavegi 82
Loftstokkahreinsun.is, s: 567 0882
& 893 3397, Garðhúsum 6
Löndun ehf, Kjalarvogi 21
Merkismenn ehf, Ármúla 36
Nexus afþreying ehf, Nóatúni 17
Rafstilling ehf, Dugguvogi 23
Rafsvið sf, Þorlaksgeisla 100
Smith og Norland hf, Nóatúni 4

Tannréttingar sf, Snorrabraut 29
Tannsmiðjan Króna sf,
Suðurlandsbraut 46
Trex-Hópförðamiðstöðin,
Hesthálsi 10
Túnverk ehf, Jónsgeisla 45
Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborgar,
Borgartúni 12-14
Úti og inni sf, Þingholtsstræti 27
Verðbréfaskráning Íslands hf,
Laugavegi 182
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf,
Hraunbergi 4
Vélfang ehf, Gylfaflöt 32
Við og Við sf, Gylfaflöt 3
VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20

Kópavogur

Byggðaðjónustan bókhald,
Auðbrekku 22
Íslandsspil sf, Smiðjuvegi 11a
JSÓ ehf, Smiðjuvegi 4b
Rafmiðlun hf, Ögurhvarfi 8

Garðabær

Geislataekni ehf-Laser-þjónustan,
Suðurhrauni 12c
Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45
Raftækniþjónusta Trausta ehf,
Lyngási 14
Samhentir-Kassagerð ehf,
Suðurhrauni 4
Suðurtún ehf, Súlunesi 12
Öryggisgirðingar ehf,
Suðurhrauni 2

Hafnarfjörður

Alexander Ólafsson ehf,
Álfhelli 1

Arctic selolía, s: 698 7999,
Heiðvangi 26
Hlaðbær-Colas hf,
malbikunarstöð, Gullhelli 1
Nonni Gull, Strandgötu 37
Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Trésmiðjan okkar ehf,
Lyngbergi 19a
Verkalýðsfélagið Hlíf,
Reykjavíkurvegi 64

Reykjanesbær

Ásberg fasteignasala ehf,
Hafnargötu 27
Bókasafn Reykjanesbæjar,
Tjarnargötu 12
Renniverkstæði Jens Tómassonar,
Fitjabakka 1c
Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Samband sveitarfélaga á
Suðurnesjum, Skógarbraut 945
Toyota Reykjanesbæ,
Njarðarbraut 19

Grindavík

Einhamar Seafood ehf,
Verbraut 3a
Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Mosfellsbær

Nonni litli ehf, Þverholti 8

Akranes

Akraneskaupstaður,
Stíllholti 16-18
GT Tækni ehf, Grundartanga
Straumnes ehf, rafverktakar,
Krókatúni 22-24

Fundur European Forest Network í Eistlandi

European Forest Network (EFN) eru óformleg samtök skógræktarféлага í Evrópu og er megin áhersla þeirra að skiptast á upplýsingum um skóga- og skógræktartengd málefni. Sigrún Stefánsdóttir, formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga og stjórnar- maður hjá Skógræktarfélagi Íslands, sótti fund sam- takanna í Eistlandi dagana 15.-18. apríl, fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands.

Á fundinn voru mættir fulltrúar frá Ung- verjalandi, Finnlandi, Lettlandi og Skotlandi, auk heimamanna. Hélt hvert land kynningu á skógar- málum í sínu heimalandi og að því loknu voru um-



Þessa skemmtilegu útfærslu á borði og bekk mátti sjá í safni, sem tileinkað er vinsælum barnabókahöfund í Eistlandi, en figúrnar sem sjá má eru byggðar á persónum í bókum eftir viðkomandi höfund (Mynd: Sigrún Stefánsdóttir).



Þátttakendur á fundinum fá fræðslu um framleiðslu verksmiðjunnar sem var heimsótt. Virðulegi herra- maðurinn með stafinn á myndinni er fulltrúi Skotlands, Maurice Rogers, sem mun sjá um fundinn árið 2014, en hann er fyrirhugaður í Skotlandi (Mynd: Sigrún Stefánsdóttir).

ræður um hin ýmsu mál tengd skógum og skógrækt. Viðfangsefni landanna eru með ansi ólíkum hætti, t.d. er stærsta útflutningsvara Eistlendinga timbur á meðan Ísland annar ekki eigin eftirspurn eftir timbri. Mikið var rætt um grisjun og rjóðurfellingar og hvað reglur gilda hjá hverju landi fyrir sig. Farið var í skoðunarferð þar sem meðal annars var heim- sótt stór verksmiðja sem framleiðir einingar úr viði og vakti það athygli að allt timbrið fer í gegnum málmleitaræki áður en það fer í vinnslu til að leita

að skotum sem gætu leynst í drumbunum frá því úr seinni heimstyrjöldinni. Einnig var farið í heimsókn á skrifstofu sambands skógareigenda í S-Eistlandi, en þar fá skógareigendur á svæðinu ýmsa þjónustu, aðallega í sambandi við samskipti og pappírsvinnu við ríkið. Skrifstofan er rekin af skógareigendum. Á lokadeginum var heimsótt ein stærsta skógar- tengda kaupstefna í Eystrasaltslöndunum.

Nánar má kynna sér samtökin á heimasíðu þeirra: <http://www.forestrysocieties.eu/>.



Þessi áhugaverðu hús mátti einnig sjá í safninu tileinkuðu barnabókahöfundinum. Það væri ekki ama- legt að eiga svona sumarbústað! (Mynd: Sigrún Stefáns- dóttir).

Ýmislegt í gangi hjá Skógræktar- og landverndarfélaginu undir Jökli

Sú ágæta hefð hefur skapast hjá Skógræktar- og landverndarfélaginu undir Jökli að opna formlega skógarreitinn Tröð við Hellissand á sumardaginn fyrsta. Þá eru fánar dregnir að húni, sungin íslensk sumarlög og farið í leiki. Nú í ár var einnig afhentur bekkur með söguskilti sem Soroptimistaklúbbur Snæfellsness hefur komið fyrir í lundi sem þær klúbbsystur hafa umsjón með. Hugmyndin er að fólk geti tyllt sér niður í fallegu rjóðri og lesið um sjósókn snæfellskra kvenna fyrir á tímum.



Friðartré gróðursett í Tröð, myndarlegur úlfareynir. Bætist hann í flóru ýmissa áhugaverðra tegunda í skógarreitnum (Mynd: Lydia Rafnsdóttir).



Jón Ásgeir Jónsson mundar keðjusögina, en hann hjálpaði til við að snyrta til í Tröð eftir snjóbrott á trjáum þar (Mynd: Lydia Rafnsdóttir).

Félagið fékk góða hjálp frá Skógræktarfélagi Íslands þegar erindreki félagsins, Jón Ásgeir Jónsson, kom í heimsókn vopnaður sög. Þó veturinn hafi verið snjóléttur þá komu erfiðir dagar í mars þegar kyngdi niður blautum snjó og fóru mörg tré illa þá.

Þann 8. júlí var hlaupið friðarhlaup um Snæfellsbæ, hlaup sem kennt er við Sri Chinmoy og er tilgangur þess að efla skilning manna og menningarheima á milli. Í lok hlaupsins var gróðursett friðartré í Tröð. Varð úlfareynir fyrir valinu og standa vonir til að hann dafni vel.

Þessi sælureitur Tröð er orðinn að notalegum samkomustað fólks úr sveitarfélaginu og er notaður við ýmiss tækifæri. Öll umgengni um hann er til sóma og er félagið þakklátt fyrir það.

Klúbbsystur úr Soroptimistaklúbbi Snæfellsness prófa nýjan bekk í Tröð á sumardaginn fyrsta. Eins og sjá má á fatnaði viðstaddra var sumarið pínulítið seint á ferðinni þetta árið, en þá er eins gott að geta setið í skjóli trjáa! (Mynd: Lydia Rafnsdóttir).



Svipmyndir vors og sumars



T.h. Viðarvinir voru með handverkssýningu á tálguðum og útskornum munum í Selinu, bækistöð Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, í maí. Mátti þar sjá fjölbreytt úrval hinna ýmsu muna úr viði. Ekki er víst að gangi vel að prjóna úr þessu garni, en það tekur sig óneitanlega vel út á borði (Mynd: RF).

T.v. Skógræktarfélag Grindavíkur hélt vinnudag í Sel-skógi í maí. Var dagurinn nýttur í að setja upp leiksvæði og bekki, gert úr efniviði skógarins. Mættu vaskir félagar á öllum aldri og tóku þátt í að útbúa skemmtilegt leiksvæði (Mynd: Sk. Grindavíkur).



T.v. Gísli Gestsson kvikmyndagerðamaður tekur mynd-skeið með Valdimar Jóhannessyni og Vigdísí Finn-bogadóttur í ræktunarsvæði Skógræktarfélags Garðabæjar í Smalaholti. Ástæða myndatökunnar var sú að Gísli var að vinna stuttmynd um upphaf Landgræðslu-skóga, en fyrstu plöntuna í verkefninu setti Vigdís einmitt niður í Smalaholti árið 1990. Myndin var svo frumflutt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var í Garðabæ í lok ágúst (Mynd: EÖJ).



Sjálfsáin stafafura dafnar vel á gróðurlitlum mel í umdæmi Skógræktarfélags Heiðsynninga. Hún er sprottin upp af fræi af plöntum í litlum reit sem kvenfélagið á staðnum gróður-setti fyrir um hálfri öld (Mynd: Ástþór Jóhannsson).



Skógræktarfélag Eyfirðinga stóð fyrir sveppagöngu um Laugaland á Þelamörk í byrjun ágúst. Var hluti sveppanna hreinsaður og eldaður á staðnum, þannig að viðstaddir gætu fengið að smakka á þessu góðgæti úr íslenskum skógum og runnu þeir ljúflega niður (Mynd: Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir).

Svipmyndir vors og sumars



T.v. Afkomendur hjónanna Önnu Halldórsdóttur og Jóns Einarssonar komu saman í Slögu við Akrafjall, svæði Skógræktarfélags Akraness, sunnudaginn 18. ágúst 2013, og komu fyrir bekk til minningar um Önnu, sem hefði orðið hundrað ára þennan dag. Bekknum var komið fyrir í efri hluta Slögu þaðan sem er gott útsýni til Akraness og yfir Snæfellsnesið. Fólk sem er á göngu um Slögu getur tyllt sér niður og hvílt lúin bein og notið útsýnisins (Mynd: Jens B. Baldursson)

T.h. Unglingar frá sveitarfélaginu Árborg unnu meðal annars að stígagerð í Hellisskógi við Selfoss í sumar, en Hellisskógur er eitt ræktunarsvæða Skógræktarfélags Selfoss, sem er eitt aðildarfélag Skógræktarfélags Árnesinga (Mynd: Björgvin Eggertsson).



T.v. Nú í sumar hefur Skógræktarfélag Reykjavíkur unnið að endurnýjun á aðstöðu í fjölskyldurjóðrinu Furulundi í Heiðmörk, en það er einn vinsælasti samkomustaðurinn í Heiðmörk (Mynd: Gústaf Jarl Viðarsson).



T.h. Krakkar úr 9. bekk Nesskóla vinna í Hjallaskógi, skógi Skógræktarfélags Neskaupstaðar, en það er liður í fjáröflun þeirra vegna skólaferðalags og er þetta þriðja árið sem slíkt er gert (Mynd: Sk. Neskaupstaðar).



T.v. Skólar í Reykjavík hafa til margra ára gróðursett plöntur úthlutuðum úr Yrkjusjóði í Skólaskóga á Úlfjótavatni. Haustið 2012 vildi þannig til að árleg gróðursetningaferð Hólabrekkuskóla féll niður og fóru þau því til gróðursetningar nú í maí. Jón Ásgeir Jónsson, frá Skógræktarfélagi Íslands, tók á móti krökkunum, kenndi þeim réttu handtökin og hjálpaði til þar sem þurfti (Mynd: RF).



Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Borgarnes

Kaupfélag Borgfirðinga,
Egilsholti 1
Sæmundur Sigmundsson ehf,
Brákarbraut 20

Stykkishólmur

Málflutningsstofa Snæfellsness,
Aðalgötu 24

Hellissandur

Vélsmiðja Árna Jóns ehf,
Smíðjugötu 6

Ísafjörður

Ferðapjónustan í Heydal,
Mjóafirði

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð,
Eyrargötu 1

Hvammstangi

Húnaþing vestra,
Hvammstangabraut 5

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Skagafjarðarveitur, Borgarteigi 15

Akureyri

Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Óseyri 2
Höldur ehf, bílaleiga,
Tryggvabraut 12
Ísgát ehf, Furulundi 13f

Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Dalvík

Promens Dalvík ehf,
Gunnarsbraut 12

Húsavík

Knarrareyri ehf, Túngötu 6
Sorpsamlag Þingeyinga ehf,
Viðimóum 3

Laugur

Framhaldsskólinn á Laugum,
Laugum Reykjadal
Gistiheimilið Stóru-Laugar,
s: 464-2990, Stóru-Laugum

Mývatn

Jarðböðin við Mývatn,
Jarðbaðshólum

Egilsstaðir

Bílamálun Egilsstöðum ehf,
Fagradalsbraut 21-23
Dagskráin Austurlandi,
Miðvangi 1
Fljótsdalshérað, Lyngási 12
Gróðrarstöðin Barri ehf,
Valgerðarstöðum 4
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf,
Einhleypingi 1
Skógar ehf, Dynskógum 4
Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður,
Hafnargötu 44

Neskaupstaður

Rafgeisli Tómas R Zoéga ehf,
Hafnarbraut 10
Síldarvinnslan hf, útgerð,
Hafnarbraut 6
Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði

Skinney-Þinganes hf, Krossey

Selfoss

Búnaðarfélag Bláskógarbyggðar,
Dalbraut 1
Garðyrkjustöðin Sunna,
Sólheimum
Ræktunarsamband Flóa og
Skeiða, Gagnheiði 35
Skeiða- og Gnúpverjahreppur,
Árnesi
Vélaverkstæði Þóris ehf,
Austurvegi 69

Hveragerði

Ficus ehf, Bröttuhlíð 2

Hvolsvöllur

Anna og Árni á Akri, Akri

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf,
Strandvegi 28
Vélaverkstæðið Þór ehf,
Norðursundi 9
Vinnslustöðin hf, Hafnargötu 2

Þýskir landfræðinemar í heimsókn



Hópur landfræðinema frá Háskólanum í Tübingen var í námsferð hér á landi í ágúst og fór hópurinn víða um land og skoðaði náttúru landsins. Meðal annars heim-sótti hópurinn Opinn skóg í Hrútey við Blönduós, þar sem Páll Ingþór Kristinsson, formaður Skógræktar-félags A-Húnavetninga, tók á móti hópnum. Fræddi

Páll Ingþór nemana bæði um Hrútey og almennt um skógrækt á Íslandi. Nutu nemarnir heimsóknarinnar í skóginn, enda úrvæls veður - hægviðri og 14 stiga hiti. Þótti hópnum skógurinn í Hrútey fjölbreyttur af tegundum miðað við stærð skógarins. Á myndinni má sjá hópinn í Hrútey, ásamt Páli Ingþóri (t.v.).

Sveppaganga hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga

Þann 1. ágúst hélt Skógræktarfélag Eyfirðinga sína árlegu sveppa-skógargöngu og hófst hún í reit félagsins á Laugalandi á Þelamörk er Guðríður Gyða Eyjólfsdóttir sveppafræðingur sýndi nokkra sveppi úr skóginum. Hún fór yfir það sem hafa þarf í huga þegar menn safna sér sveppum til matar. Þá gengu menn í skóginn með körfu sína og hníf og komu síðan með fenginn á samkomustaðinn þar sem þeir hreinsuðu sveppina, fengu leiðbeiningar hjá sveppafræðingnum og síðan voru þeir sveppir sem búið var að hreinsa brytjaðir og steiktir á pönnu í smjöri, látnir krauma í rjóma og bornir fram á brauðsneið.

Veðrið var gott til sveppatínslu og nóg af ungum lerkisveppi í skóginum. Um fjörutíu manns komu í gönguna og nutu þessarar kvöldstundar í skóginum.




Farið yfir fenginn úr skóginum - sveppirnir greindir til tegunda og hreinsaðir (Mynd: Guðríður Gyða Eyjólf-sdóttir).

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



Fjallabyggð



GARÐABÆR



molta



SORPA
ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM



75 YEARS

Háprýstidælur

Pegar gerðar eru hámarkskröfur

Teg: T 300
Snúningsdiskur
Gerir pallinn eins og nýjan

Teg: K 2.21
110 bör max
360 ltr/klst

Teg: K 5.700
140 bör max
460 ltr/klst

Teg: K 6.600
150 bör max
550 ltr/klst

Teg: K 4.200
130 bör max
450 ltr/klst

Teg: K 7.700/K 7.710
160 bör max
600 ltr/klst

RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F • Sími 581-2333 • Fax 568-0215 • www.rafver.is

FAGMENNSKA ALLA LEIÐ

Nýtt gönguleiðakort um skógræktarsvæði í Garðabæ

Nýlega gaf Skógræktarfélag Garðabæjar út kort í handhægu vasabroti með upplýsingum um gönguleiðir og fróðleik um útivistarsvæðin ofan byggðar í Garðabæ.

Í nágrenni við friðland Víflsstaðavatns, á hæðunum í Smalaholti og Sandahlíð, eru myndarlegir skógarlundir að vaxa upp, sem skógræktarfélagið hefur ræktað undanfarinn aldarfjórðung og eru svæðin vinsæl til útivistar og afþreyingar. Félagið hefur látið skipuleggja göngustíga og áningastaði á þessum svæðum og hlykkjast stígakerfið þar um alveg efst upp á hæðir þaðan sem víðsýnt er.

Kortið nær yfir næsta nágrenni Víflsstaðavatns en á annarri hlið þess eru sérkort yfir gönguleiðir, áningastaði og fleira í Smalaholti, Sandahlíð og Víflsstaðahlíð. Sagt er frá skógræktarsvæðum í umsjón Skógræktarfélags Garðabæjar og öðrum áhugaverðum skógarreitum og svæðum í bæjarlandinu. Einnig er sagt frá upphafi skógræktar í Garðabæ sem má rekja til skógardaga á Víflsstöðum vorið 1911.



Gönguleiðakortið var unnið af Árna Tryggvasyni skiltahönnuði og ljósmyndara í samráði við stjórn félagsins. Útgáfa kortsins var styrkt af Bæjarsjóði Garðabæjar. Hægt er að nálgast kortið í þjónustuveri Garðabæjar að Garðatorgi 7 og fljótlega verða settir upp kassar við inngang að skógræktarsvæðunum í Sandahlíð og Smalaholti.

Tré ársins í Grindavík

Við afhendingu Umhverfisverðlauna Grindavíkurbæjar þann 5. september var í fyrsta skipt veitt verðlaun fyrir Tré ársins í Grindavík, á vegum Skógræktarfélags Grindavíkur. Fyrir valinu varð 35 ára sitkagreni í garðinum að Borgarhrauni 18. Eigendur þess eru Ólína S. Ólafsdóttir og Sigurbjörn Smári Gylfason og tók Ólína við viðurkenningarskjali frá Pálmari Erni Guðmundssyni, fulltrúa Skógræktarfélags Grindavíkur. Sagði Ólína að tréð hefði verið farið að láta verulega á sjá, en þau hefðu ákveðið að klippa neðan af því og við það hefði það tekið vel við sér og skartað sínu fegursta.

Er þetta skemmtileg nýbreytni hjá Skógræktarfélagi Grindavíkur og vonandi verður þetta að árvissum viðburði. Viða um land má finna mörg falleg og áhugaverð tré innan þéttbýlisins og því full ástæða til hvetja önnur skógræktarfélög til að fá þessa góðu hugmynd „lánaða“!

(Mynd: Grindavíkurbær - <http://www.grindavik.is/v/11966>).



Þýskt skógræktarfólk í heimsókn

Í júní var óvenju mikið af skógræktarfólki frá Þýskalandi á ferðinni hér á landi. Dagana 2.-9. júní var hópur frá Skógræktarháskólanum í Rottenburg (*Hochschule für Forstwirtschaft Rottenburg*) í heimsókn. Var um tæplega fjörutíu manna hóp nemenda og kennara að ræða. Námið í skólanum er mjög þverfaglegt, með námslínur er lúta að skógrækt, lífrænum orkugjöfum, timburiðnaði, umsjón náttúruverndarsvæða og vatnsveitu. Gerði hópurinn út frá Reykjavík og kynnti sér skógrækt, landgræðslu, orkumál, vatnsveitur og fleira. Fór hópurinn meðal annars í Haukadalsskóg, kom við í aldamóta-skóginum á Gaddstöðum, fór í gönguferð um skóginn í Öskjuhlíðinni og heimsótti Snæfoksstaði í Grímsnesi, þar sem Óskar Þór Sigurðsson, fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Árnesinga, tók á móti þeim. Einnig heimsótti hópurinn Landgræðslu ríkisins í Gunnarsholti, Hellisheiðarvirkjun, skoðaði hverasvæði á Geysi, í Krýsuvík og við Gunnuhver, fór í jökla- og hvalaskoðun og margt fleira.

Þann 13. júní kom svo hingað til lands hópur frá Þýska skógræktarsambandinu (*Deutscher Forstverein*), en Skógræktarfélag Íslands naut einmitt liðsinnis þess við skipulagningu skógræktarferðar til Bæjaralands haustið 2012. Voru gestirnir héðan og þaðan frá Þýskalandi og úr hinum ýmsu geirum skógræktar í Þýskalandi, þótt flestir væru



Ingi Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga, útskýrir stærð Kjarnaskógar fyrir félögum í Þýska skógræktarsambandinu (Mynd: RF).

skógarverðir (*Förster*). Fór hópurinn í viku hringferð um landið og kynnti sér skóga og skógrækt, auk þess sem auðvitað var komið við á ýmsum helstu ferðamannastöðum landsins. Heimsótti hópurinn meðal annars Haukadalsskóg, þar sem Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi, tók á móti þeim, en þar hitti hópurinn einnig Thomas Hermann Meister, sendiherra Þýskalands hér á landi. Einnig heimsótti hópurinn Kjarnaskóg, þar sem Ingi Jóhannsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga tók á móti hópnum, Brynjudalsskóg í Hvalfirði, þar sem starfsmenn Skógræktarfélags Íslands buðu upp á skógarkaffi og hressingu, Vaglaskóg, Hallormsstaðaskóg og birkiskóga í Skaftafelli.

Fylgdi Ragnhildur Freysteinsdóttir báðum hópnum á leið þeirra um landið fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands og kynnti þeim skóga og skógrækt hérlandis, auk þess að segja frá því helsta sem fyrir augu bar og aðstoða hópana eftir því sem þurfti. Voru báðir hóparnir hæst ánægðir með heimsókn sína, sérstaklega hópurinn frá Þýska skógræktarsambandinu, en þau voru óvenjulega heppin með veður, þar sem nær alla ferðina var sólskin og blíða. Voru ýmsir í báðum hópnum sem höfðu orð á því að þeir myndu örugglega koma aftur í heimsókn til Íslands síðar meir.



Óskar Þór Sigurðsson segir þýskum skógfræðinimum frá ræktun Skógræktarfélags Árnesinga að Snæfoksstöðum í Grímsnesi (Mynd: RF).

Skógardagur í Hálsaskógi

Í leikskólanum Bjarkatúni á Djúpavogi hefur sú hefð verið við lýði í mörg ár að skreyta Hálsaskóg, sem Skógræktarfélag Djúpavogs hefur ræktað upp, með listaverkum í kringum Jónsmessuna ár hvert. Nemendur og foreldrar hittast, ganga saman um skóginn og börnin velja greinar og tré til að hengja listaverkin sín á. Sýningin hangir svo uppi allt sumarið, gestum og gangandi til ánægju og yndisauka. Skógardagurinn í ár var haldinn 22. júní og var mjög góð þátttaka. Er þetta framtak sem vel mætti herma eftir annars staðar!

Það er einnig orðin föst hefð að hengja upp óskabox í miðjum skóginum þar sem allir, sem heimsækja skóginn, geta sett óskir sínar í boxið og eru þær jafn misjafnar og fólkið er margt. Algenzt er þó að yngri kynslóðin óski sér tiltekinna leikfanga, gæludýra eða yngri systkina.

Eitt af listaverkunum í skóginum - skemmtilegur „skógarálfur“ (Mynd: Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir).



Bandarískir eldri borgarar í heimsókn

Síðustu ár hefur Skógræktarfélag Borgarfjarðar tekið á móti hópum af bandarískum eldri borgurum ásamt barnabörnum í Reykholti. Þessir hópar, sem koma hingað til lands í gegnum Ferðapjónustu bænda, hafa komið, fræðst um skógrækt á Íslandi og fengið að planta trjáum.

Þann 2. ágúst síðast liðinn kom slíkur hópur í Reykholt og tóku stjórnarmenn á móti hópnum ásamt sr. Geir Waage. Í þetta sinn voru það átján eldri borgarar og tólf barnabörn á aldrinum 8-12 ára sem gróðursettu 50 pottaplöntur, mest birki. Gróðursetningin gekk vel og spurðu ungir sem aldnir gestgjafana spjörum um allt milli himins og jarðar t.a.m. um gróðurfar á Íslandi um landnámi, skógræktarskilyrði, tegundaval og annað í þeim dúr. Eftir að gróðursetningunni var lokið settist hópurinn í grasbala þar sem sr. Geir sagði hópnum frá landnámi í Reykholti. Því næst var hópnum boðið í kaffi og kleinur í Snorrastofu þar sem sögustund hélt áfram.



Afarnir, ömmurnar og barnabörnin hjálpast að við að gróðursetja í blíðunni í Reykholti. Hver veit nema börnin komi svo síðar með sín börn eða barnabörn til að skoða trén sem þau settu niður á sínum tíma (Mynd: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir).

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2013

Skógræktarfélag Íslands hélt sinn 78. aðalfund í Garðabæ dagana 23. - 25. ágúst og var Skógræktarfélag Garðabæjar gestgjafi fundarins að þessu sinni. Vel var mætt á fundinn og tókst hann mjög vel.

Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var farið í vettvangsferðir til að skoða skóga, útivistarsvæði og annað áhugavert í nágrenninu og hlýtt á áhugaverð fræðsluerindi. Einnig voru nokkrum félögum í Skógræktarfélagi Garðabæjar veittar viðurkenningar fyrir störf í þágu skógræktar. Fundargestir nýttu að sjálfsögðu tækifærið í kaffihléum og milli atriða til að ræða málín við gamla og nýja félaga innan skógræktarhreyfingarinnar.



Tillögur að ályktunum ræddar í allsherjarnefnd (Mynd: EÖJ).



Gunnar Einarsson, bærarstjóri Garðabæjar og Þröstur Ólafsson, formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur, undirrituðu nýjan þjónustusamning um Garðabæjarhluta Heiðmerkur í Vífilssaðahlíð (Mynd: RF).



Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, gróðursetti 20 milljónustu Landgræðsluskógaplöntuna í Smalaholti, með aðstoð Barböru Stanzeit frá Skógræktarfélagi Garðabæjar (Mynd: BJ).



Aðalfundargestir fá sér hressingu í útivistarsvæðinu í Sandahlíð, en það er eitt ræktunarsvæða Skógræktarfélags Garðabæjar (Mynd: BJ).